

29. júlí 2025

Greinargerð vegna starfsleyfisvinnslu – Náttúruverndarstofnun Snæfellsskáli

Umsókn um endurnýjun á starfsleyfi vegna starfsemi Náttúruverndarstofnunar kt. 700924-1570 í Snæfellsskála barst þann 03.06.2025.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins var í samræmi við ákvæði í 9 gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti og ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru auglýst á heimasíðu HAUST þann 25.6.2025. Frestur til að skila inn athugasemdum var 4 vikur frá birtingu og rann því út 23.7.2025.

Engar athugasemdir bárust á umsagnartíma og var starfsleyfi fyrir starfsemi Náttúruverndarstofnunar í Snæfellsskála útgefið dags. 29.7.2025 með gildistíma til tólf ára.

Engar efnislegar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Vakin er athygli á því að samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Virðingarfyllst,
F.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Kjartan Róbertsson
heilbrigðisfulltrúi